



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómsfundasvið

Reykjavík, 9. mars 2022
ITR22030006

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Knattspyrnufélagið Víkingur

Knattspyrnufélagið Víkingur mun síðar á árinu 2022 taka yfir rekstur íþróttamannvirkja við Safamýri og hefja þar starf.

Hjálagt fylgja til kynningar drög að þjónustusamningi við Víkinga vegna reksturs mannvirkja o.fl.

Gert er ráð fyrir að samningurinn verði tekinn fyrir að nýju til staðfestingar í næsta mánuði.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Safamýri

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Víkings, kt. 700269-0789, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Víkingur“).

1. gr.

Víkingur skal sjá um rekstur íþróttahúss og félagsaðstöðu og búningaþstöðu í íþróttahúsi í Safamýri 26, 108 Reykjavík, ásamt æfingavöllum og gervigrasvelli frá og með 1. ágúst 2022 samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Frá og með 1. ágúst 2022 skal Víkingur greiða rekstrarkostnað mannvirkja, sbr. 6. gr. og bera ábyrgð á rekstri húss og valla.

2. gr.

Starfsfólk og stjórn Víkings skal kynna sér siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Víkingur skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Víkingur skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Víkingur annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Víkings og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Víkings og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Víkingur fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er vegna íþróttafulltrúa, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins að undanskyldum styrk vegna gervigrasvallar sem verður greitt af Reykjavíkurborg í gegnum þennan samning.

Víkingur skal greiða rekstrarkostnað vegna íþróttahúss í Safamýri og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteigna og við bað- og búningasklefavörslu og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis. Þá skal Víkingur greiða rafmagn, heitt- og kalt vatn af íþróttahúsinu í Safamýri.

Víkingur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Víkingur skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður vegna útkalla vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal Víkingur endurgreiða hann í desember ár hvert.

Íþróttta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „ÍTR“) er leigutaki á mannvirkjum borgarinnar og greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

4. gr.

Í Íþróttahúsinu fer fram íþróttakennsla á vegum skóla- og frístundasviðs og framhaldskóla. Víkingur skal annast gæslu á bað- og búningsklefum og þrif. Skólinn skal hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 14:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Víkingur skal hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólinn er með starfsemi í íþróttahúsinu.

5. gr.

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Víkings vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. xx.xxx.xxx,- á ári sbr. fsk. 1. Greiðslurnar skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2022 835,4 og vísitölu neysluerðs til verðtryggingar í janúar 2022 513,0. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50 % vegna neyslúvísitölu. Á árinu 2022 skal greiða rekstrarframlag vegna þess tíma sem Víkingur er með mannvirki í rekstri.

Víkingi er heimilt að leigja út félagsaðstöðu í Safamýri og renna þær tekjur til Víkings, svo og tekjur af auglýsingum á mannvirkjum. ÍTR eru heimiluð afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur ÍTR/ Reykjavíkurborg án endurgjalds.

Víkingur skal gera ársuppgjör og leggja fyrir ÍTR fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr.

Þar sem Víkingur er með starfsemi í Traðarlandi og Safamýri mun félagið fá styrk fyrir tvo íþróttafulltrúa í gegnum styrkjakerfi ÍBR, frá apríl 2022 og út árið 2024 og verður þá tekið til endurmats. Víkingur fær greiðslur vegna aksturs á milli hverfa frá Reykjavíkurborg sem fara í gegnum ÍBR, samkvæmt nánara samkomulagi við ÍTR.

7. gr.

Á vegum Reykjavíkurborgar mun fara fram starf á vegum Skóla- og frísundasviðs í félagsálmú mannvirkisins svo sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvarstarf samkvæmt nánara samkomulagi milli Víkings og Skóla- og frístundasviðs.

8. gr.

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

9. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

10. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. ágúst 2022. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

11. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, xx. mars 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Knattspyrnufélags Víkings
